



Sími: 430 7000

Netfang: kristjanah@sjova.is

Bæjarblaðið

# JÖKULL

SNÆFELLSBÆ

423. tbl - 9. árg.

5. nóvember 2009



- fyrir þig og þína

Sími: 430 7000 | Fax: 430 7001

## Bítlahátíð á Klifi



Vetrargleðin undir stjórn Sigurðar Höskuldssonar hélt enn eina frábæru skemmtunina í Félagsheimilinu Klifi sl. laugardagskvöld. Flutt voru lög hljómsveitarinnar The Beatles en flest löggin eru eftir þá félagi Poul McCartney og John Lennon. The Beatles er af mögum talin ein merkasta hljómsveit allra tíma. Fyrsta lagið sem Sigggi Hösk og hljómsveitin tók á Klifi var Love me do af plötunni Please please me en hún kom út árið 1963. Lagið sungu þeir bræður Sigurður og Magnús og svo kom hver frábæra ballaðan

eftir aðra. Hljómsveitina skipuðu Sigurður Höskuldsson gítar, Sigurður Gíslason gítar, Gunnar Bergmann Traustason trommur, Örn Arnarsson hljómborð, og Hólmkell Aðasteinsson á bassa. Hólmkell var frábær á bassan. Svo hélt maður fyrst að George Harrison væri komin á sviðið en svo líkir voru þeir. Hann líka í síðum jakka sem var svipaður á litinn og George er í utan á plötumslagi Sgt-Peppers og þetta fór allt mjög vel saman. Margir söngvarar komu fram en það voru, Erla Höskuldsdóttir, Elsa Bergmundsdóttir,



ir, Harpa Finnsdóttir, Gústaf Egilsson, Sigursteinn Einarsson, Sírý Gunnarsdóttir, Olga Gunnarsdóttir, Harpa Björnsdóttir, Aðalsteinn Snæbjörnsson og svo Viktor Reinholdsson. Einnig sungu meðlimir hljómsveitarinnar í nokkrum lögum. Allir flytjendur voru í einu orði sagt frábærir og fengu þau mikið klapp frá þakklátum áheyrendum í lokin. Ekki er á neinn hallað þótt ég segi að Viktor hafi átt sviðið en hann flutti tvö lög. Hið fyrra var Good Day Sunshine sem er á plötunni Revolver og kom út 1966. Seinna lagið og jafnframt síðasta á programminu var hið gullfallega lag McCartneys He Jude. Þetta lag samdi hann að sérstöku tilefni árið 1970 til Julians sonar Johns Lennons. Söngur og ekki

síst flutningur Viktors var ótrúlega góður og þar er góður tónlistarmaður á ferðinni. Sver hann sig svo sannarlega í ættina en hann er sonur Erlu Höskuldsdóttur. Alls voru sungin 29 lög þeirra Bítla en af nógu er að taka. Gaman hefði verið að heyra td. Rock and roll music af plötunni Beatles For Sale sem kom út 1964 og líka Micelle og Girls af plötunni Rubber Soul er út kom út 1965. Kanske koma þau seinna og vonandi verða þessir tónleikar endurteknir? Ég vil svo að lokum þakka Sigurði Höskuldssyni og öllum flytjendum kærlega fyrir frábæra skemmtun. Öll eiga þau mikinn heiður skilin fyrir að leggja á sig mikla vinnu við æfingar og svo flutninginn. Takk fyrir mig. Myndirnar tók Elsa Fanney.

PSJ

### Troðfull búð af flottri vöru á betra verði en þig grunar ☺

Vorum að taka upp fallega jólavöru, skrautlengjur fyrir aðventukransa í miklu úrvali, Gjafavara, jóla-Cult, Íllm-gjafakassar fyrir dömur og herra

Ný Carhartt sending !

- Dömu og herrabuxur, bolir og anorakkar -



**BLÓMSTURVELLIR**

Hellissandi - sími: 436 6655

### Frostrósatilboð

Þeir sem kaupa stórt pizzatilboð í nóvember eiga möguleika á að vera dregnir út og fá 2 miða á Frostrósátónleika í Klifi 9. desember n.k.



Dregið verður 1. des

**HOBBITINN**

Ólafsbraut 19 · Ólafsvík · © 436 1362

# Frostrósir heimsækja Snæfellsbæ

Þann 9. desember munu Frostrósir halda tónleika í Ólafsvík. Fyrir rúmu ári voru tónleikar í Félagsheimilinu Klifi sem tókust afbragðsvel. Þeir tónleikar voru mjög vel heppnaðir og fjölsóttir en 435 miðar seldust þá.

Að sögn Þórdísar Björgvinsdóttur formanns Lista- og menningarmálanefndar bæjarfélagsins er mikill áhugi á tónleikunum núna. Mikið hefur verið spurt um tónleikana bæði af fólki hér og úr nærliggjandi sveitarfélögum. Á fundi þann 5. október var ákveðið í Lista- og menningarnefnd að bjóða Frostrósum að halda tónleika, umboðsmaður þeirra hafði sýnt þessu mikinn áhuga og lýst mikilli ánægju með allar aðstæður á Klifi.

Þeir listamenn sem koma núna eru þau Margrét Eir, Guðrún Gunnars, Hera Björk, Friðrik Ómar og Garðar Thór Cortes, þau færa landsmönnum jólin í ár í fylgd fjölda hljóðfæraleikara og barnakórs. Margrét Eir er lærð leikkona og söngkona. Hún hefur gefið út 3 solo plötur og sungið í fjölda



söngleikja. Hún hefur 3 sinnum verið tilnefnd besta söngkona ársins fyrir tilnefningu íslensku tónlistarverðlaunanna. Guðrún Gunnarsdóttir hefur sungið fyrir landsmenn í tuttugu ár og er auk þess vel þekkt fjölmiðlakona. Hún hefur þegar gefið út tvær sóloplötur og sungið inn á fjöldann allan af plötum á löngum og farsælum ferli. Hún hefur nokkrum sinnum staðið á sviðinu fyrir hönd Íslands í söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva. Hera Björk á fjölbreyttan feril í söng- og skemmanabransa að baki. Hún hefur tekið þátt í söngleikjum, leikið með hljóm-

sveitum, gefið út solo plötu, stjórnað sjónvarpsþáttum og leikið í áramótaskaupi svo nokkuð sé nefnt. Friðrik Ómar er söngvari og þekktastur fyrir góða frammistöðu í Söngvakeppni Evrópskra sjónvarpsstöðva. Garðar Thór Cortes hefur allaf lifað í heimi tónlistar. Hann er einn af þekktari tenorsöngvurum samtímans. Hann hefur gefið út solo plötur og vakið athygli fyrir söng sinn bæði hérlandis og erlendis. Garðar hefur sungið í óperum en einnig lék hann

Nonna í þáttum sjónvarpsins um Nonna og Manna. Frostrósir eiga sér ekki langa sögu en hún er viðburðarrík. Fyrstu Frostrósartónleikarnir voru í Hallgrímskirkju 2002. Árið 2005 voru haldnir tvennir jólatónleikar í Laugadalshöllinni. Árið 2007 var farið um landið. Alls voru haldnir 11 tónleikar og 12000 manns sóttu þá. Það met hefur enn ekki verið slegið. Meðfylgjandi mynd tók Stefán I. guðmundsson á tónleikum síðasta árs.

HA

## Getraunir

Í áskorendaleiknum sigraði Gunnar Bjarnason SH Sigríði Þórarinsdóttur sjúkrabjálfa 9-7. Sigríður skorar á Fersk ehf.

Fimmtu umferð í snb mótinu lauk þannig. Deloitte-Bylgjankvk 9-7. Saxhamar-Gunnar Bjarnason 8-7. Ferskur-Vinir Togga 8-7. Bylgjankk-Dísurnar 10-8. Í sjöttu umferð mætast Ferskur-Bylgjankvk. Vinir Togga-Dísurnar. Gunnar Bjarnason-Ferskur.

Bylgjankk-Saxhamar. Eins og stendur er Víkingur í 18 sæti á sölulista getrauna, stutt er í 17 sætið þar sem FH situr nú, hvernig væri að vera dugleg að TIPPA og setja stóra liðið niður fyrir okkur. Opið á laugardögum í Íþróttahúsinu frá 10.30-13.00. Heitt kaffi á könnunni. Munið félagsnúmerið 355. Allir Velkomnir.

Áfram Víkingur.  
Stjáni Tótu.

Bæjarblaðið




Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ. Blaðið kemur út vikulega.

Úpplag: 800

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is  
Sími: 436 1617

  
**Fiskiðjan Bylgja hf**  
Sími: 436 1291 · www.bylgja.is · Netf. bylgja@bylgja.is

## Fæðing á Heilsugæslunni

Þeim Anetu Jacunska og Janusz Jacunski fæddist sonur þann 21. október síðastliðinn. Hann er 53 cm að lengd og rúmar 16 merkur að þyngd. Drengurinn fæddist á Heilsugæslustöðinni í Ólafsvík. Við óskum þeim Anetu og Janusz innilega til hamingju.

HA



# Hætt við vefmyndavél

Umfangsmiklar vegafra-  
kvæmdir á Fróðárheiði hafa  
væntanlega ekki farið fram-  
hjá neinum. Vegurinn hefur  
verið færður til og hann er  
nú mun breiðari og beinni  
en áður var. Vegurinn verður  
að teljast mun öruggari  
en hann var áður. Veð-  
urmastur sem var á heiðinni  
var fært um 50 metra vegna  
þess að klöpp sem það stóð  
áður á var sprengt. Á vef  
Veðurstofunnar má nú lesa  
nákvæmar upplýsingar um  
vind, lofthita og hita í vegi á  
heiðinni. Slíkar upplýsingar  
má einnig lesa á vegspjöld-  
um, t.d. á Vegamótum. Það  
stóð til að setja upp vef-  
myndavél á Fróðárheiði en  
samkvæmt upplýsingum frá  
Vegagerðinni hefur verið  
hætt við það af fjárhagsá-  
stæðum. Slíkar vefmyndavél-  
ar eru nokkuð víða um land  
og nefna má Holtavörðu-  
heiði og Vatnaleið. Sam-  
kvæmt upplýsingum frá

Birni Jónssyni rekstrarstjóra  
hjá Vegagerðinni er ætlunin  
að ljúka við að leggja seinni  
lagið á veginn nú á næstu  
dögum. Að sjálfsögðu ræður  
veður hversu hratt verkið  
gengur.

HA



**Bætt heilsa - Breyttur lífstíll**

Holl næring, frábær  
morgunverður  
Vertu vel undirbúinn fyrir daginn.

Fáðu frían Prufupakka heim  
Bý í Snæfellsbæ.

Dóra Einarsd  
S. 5811104 – 6961104  
dora@simnet.is  
www.heilsufrettir.is/tedda

## Smáauglýsingar

### Til leigu

er 120 m<sup>2</sup> íbúð að Hjarðartúni 12 efri hæð, Ólafsvík. fjögur  
svefnherbergi. Laus strax. Upplýsingar í síma 8963867 Kristján.

### Til leigu

er 99 m<sup>2</sup> íbúð að Ólafsbraut 64, neðri hæð. Þarfnast viðgerðar sem gæti gengið  
upp í leigu. Íbúðin er laus núna. Upplýsingar hjá Kristjáni í síma 8963867.



Opið 11 - 18 virka daga og 13-15 laugardaga.

**Tölvuvörur - blek og tónerar í flestar gerðir prentara  
AA og AAA hleðslurafhlöður einnig rafhlöður í úr  
- fjarstýrðar læsingar og hin ýmsu tæki**

Það fæst fleira en þig grunar.

## Kynningarfundur og svo í kjölfarið aðalfundur Forseta, Félags Ungra Sjálfstæðismanna

verður haldinn sunnudaginn 8. nóvember n.k.  
klukkan 15:00.

Allt ungt fólk á SUS aldri (15-35 ára) eru velkominn.  
Léttar veitingar verða boðnar og góðir gestir mæta  
til að ræða um menn og málefni.

## Sameining á köldum klaka?

Nýlega var haldinn fundur  
sveitastjórnarmanna á Norð-  
anverðu Snæfellsnesi. Hann  
var haldinn að frumkvæði  
Héraðsnefndar Snæfellinga.  
Ástæðan var ályktun bæjar-  
stjórnar Grundarfjarðar um  
sameiningarmál. Svo virðis  
sem áhugi á sameiningu sé  
mestur í Grundarfirði. Þar  
meta menn málið svo að  
sameining með valdboði  
sjórvalda sé hugsanleg og  
þess vegna sé betra að  
heimamenn hafi frumkvæði  
nú. Samkvæmt fréttum Rúv  
voru engar samþykktir gerðar  
í fundarlok. Gísli Ólafsson í  
Grundarfirði virðist svart-  
sýnn á áframhaldandi um-  
ræður um sameiningu. Aðrir  
eru bjartsýnni og telja að  
samvinnu megi auka enda  
þótt sameining sé ekki á dag-  
skrá nú. Á ýmsu hefur gengið  
með sameiningu sveitarfé-  
laga. Árið 1950 voru 229  
sveitarfélög í landinu öllu en

þau eru nú 79. Árið 1950  
voru 39 sveitarfélög á Vest-  
urlandi og þar á meðal Fród-  
árhreppur. Árið 1990 er  
Fróðárhreppur sameinaður  
Ólafsvíkurkaupstað. Árið  
1994 verður Snæfellsbær til  
með sameiningu fjögurra  
sveitarfélaga. Þetta sama ár  
er Helgafellssveit sameinuð  
Stykkishólmi en næsta ár var  
sameiningin afturkölluð.

Stjórnvöld landsins hafa á  
undanförnum árum haft  
mikinn áhuga á sameiningu  
sveitarfélaga. Hugmyndin er  
sú að stærri einingar séu fær-  
ar um að taka að sér aukin  
verkefni. Sameiningarnefnd  
lagði það til árið 2005 að  
Eyja- og Miklholtshreppur,  
Snæfellsbær, Grundarfjörður,  
Helgafellssveit og Stykk-  
ishólmur yrðu eitt sveitarfé-  
lag. Þessi tillaga var felld  
með afgerandi hætti í öllum  
sveitarfélögum. Þannig stan-  
da málin í dag.

HA



### Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll meiri orka.

Erla og Reynir sjálfstæðir dreifingaraðilar  
8474008 - 8486710 - erlaogreynir@simnet.is

Ábendingum um fréttir má koma á framfæri í síma: 824 4719  
eða netföng: hrafnar@simnet.is & steinprent@simnet.is





# Neyðarkall!!!



Núna um dagana 5 - 8 Nóvember munu meðlimir úr Björgunarsveitinni Lífsbjörg og Unglingadeildinni Dreka ganga í hús í Snæfellsbæ og bjóða til sölu **Neyðarkallinn** til styrktar Björgunarsveitunum. Einnig verður hægt að nálgast **Neyðarkallinn** í nokkrum verslunum í Snæfellsbæ.

Þetta er í fjórða sinn sem Björgunarsveitirnar bjóða upp á **Neyðarkallinn**. Í ár er ný útgáfa af **Neyðarkallinum** eins og fyrri ár. Núna er þetta Björgunarsveitarmaður með leitarhund sér við hlið.

Þessi fjáröflun hefur alltaf verið að stækka ár frá ári og munar um minna á krepputímum sem núna ganga yfir. Vonum við því að þið takið vel á móti okkur og styðjið við bakið á okkur og starfinu sem við erum að vinna.

**Margt smátt gerir eitt stórt.**

Með fyrirfram þökk,  
Björgunarsveitin Lífsbjörg og Unglingadeildin Drekin, Snæfellsbæ.



## VIRKIÐ Byggingavörur

Opið virka daga 9-12 og 13-18



FASTEIGNASALA  
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á  
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.  
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

## HEIM-SENDIR

Vöruafgreiðsla að Norðurtanga 1

Sími 431 5613 - 895 5613 - 899 5613 - 899 5624 - netf. vorur@simnet.is



Vöruafgreiðsla Héðinsgötu 1-3  
Sími: 533 2211

Við útvegum akstur innanbæjar í Reykjavík

Opið í Reykjavík til kl. 17 mán. - fimmtud.  
Sömu lágu verðin - Verslum í heimabyggð



## Ólafsvíkirkirkja

### Guðspjónusta

nk. sunnudag 8. nóvember kl. 11.

### Sameiginlegur sunnudagaskóli

Ólafsvíkur- og Ingjaldshólskirkna á sama tíma  
í safnaðarheimili Ólafsvíkirkirkju.

Hressing, djús og dund í safnaðarheimili  
að stundinni lokinni.

Allir velkomnin

Sóknarprestur



### Bifreiðaverkstæði Ægis

Þarf að yfirfara bílinn gera við hann eða bara smyrja?

Logar viðvörðunarljós í mælaborði?

Komdu þá til okkar og við gerum það sem þarf.

- Allar almennar bílaviðgerðir

- Getum lesið út úr tölvukerfum flestra bíltegunda

- Erum með þjónustu fyrir flest umboð og flestar gerðir bíla.

Bifreiðaverkstæði Ægis Hafnargötu 12, Rífi, Snæfellsbæ

Opnunartími: 8-12 og 13-17 Símar: 436-6677 og 867-4188 Netfang: bifreid@mi.is